

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 20. nóvember 2017
Mnr. 2017100057



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - stílsnið.docx

Skipulags- og mannvirkjanefnd þarf að taka afstöðu til fjarlægðar mannvirkis við Langá (Engidalsá) . Í skipulagsreglugerð er ákvæði um lágmarks fjarlægð bygginga meðfram vötnum, ám og sjó.

5.3.2.14. gr.

Skipulag við vötn, ár og sjó.

Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

Það þyrfti að færa rök fyrir því að þetta sé ásættanleg staðsetning fyrir mannvirkið, t.d. það ætti að vera gerlegt að fá undanþágu t.d. á grundvelli þess þetta er í samræmi við gildandi deiliskipulag og byggt hefur verið í samræmi við það. Eins er allt svæðið nokkuð manngert og kannski má segja að þetta sé innan þéttbýlis